

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

794. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 18. júní 2013 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Bréf EBÍ- Styrktarsjóður.
2. Fundargerð stjórnarfundar SSNV frá 24. maí sl.
3. Fundargerð stjórnar byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra frá 24. maí sl..
4. Bréf Sýslumannsins á Blönduósi.
5. Bréf Sambands ísl. sveitarfélaga. Námsferð til Skotlands.

Afgreiðslur:

1. Lagt fram til kynningar bréf EBÍ dags. 11. júní sl. þar sem tilkynnt er að frestur til að sækja um í Styrktarsjóð EBÍ árið 2013 er til ágústloka 2013. Sveitarstjóra falið að senda inn umsókn.
2. Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 24. maí sl.
3. Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra frá 24. maí sl.
4. Lagt fram bréf Sýslumannsins á Blönduósi dags. 10. júní sl. þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar Jóns Kjartanssonar kt.090671-5969 um útgáfu leyfis skv. lögum nr. 85/2007 um veitinga- og gististaði. Sótt er um leyfi til að reka gististað í flokki II að Hlaðhamri, 500 Staður. Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra. Sigurður Kjartansson vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar.
5. Lagt fram til kynningar bréf Sambands ísl. sveitarfélaga dags. 6. júní sl. Þar sem kynnt er fyrirhuguð námsferð til Skotlands.
Samþykkt að taka á dagskrá
6. Lagt fram bréf Húnavirkis ehf. dags 14.06 sl. uppsögn á verksamningi um akstur skólabarna á leið nr. 6 um Vatnsnes. Byggðarráð samþykkir að vísa erindinu til afgreiðslu sveitarstjórnar.
7. Lagt fram erindi frá Elínu Önnu Skúladóttur, þar sem hún óskar eftir endurnýjun á leigusamningi um skólatún við Laugarbakkaskóla. Sveitarstjóra falið að ganga frá nýjum samningi í samræmi við umræður á fundinum.
8. Lagt fram erindi frá Siglingastofnun, svar við fyrirspurn um dýpkun við norðurgarð hafnarinnar. Siglingastofnun samþykkir að greiða 75% af kostnaði við dýpkunina þó að hámarki 3 milljónir króna. Byggðarráð samþykkir að vísa erindinu til afgreiðslu sveitarstjórnar.
9. Sveitarstjóri lagði fram til kynningar svarbréf til Böðvars Sigvaldasonar og Evu Thorstensen dags. 13. júní sl. vegna deiliskipulags fyrir veitingasölu á Melsnesi Miðfirði, Húnaþingi vestra, ásamt greinargerð Ívars Pálssonar hrl og bréfi Skipulagsstofnunar um sama mál.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:16

Leó Örn Þorleifsson.

Elín R. Líndal

Stefán Böðvarsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheymarfulltrúar:

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson